



## Eftirlit með heilsu starfsfólks í matvælafyrirtækjum

Í reglugerð nr. 103/2010<sup>1</sup> um almennar hollustuháttakröfur til matvælafyrirtækja er ekki krafist læknisvottorða við ráðningu starfsfólks. Það telst hinsvegar til góðra starfshátta í matvælafyrirtækjum að koma í veg fyrir að starfsfólk sem haldið er sjúkdómi eða ber sjúkdóm, sem borist getur með matvælum, eða er með t.d. sýkt sár, húðsýkingu, sár eða niðurgang, vinni við eða meðhöndli matvæli.

### Fræðsla

Það er á ábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækja að starfsfólk fái nauðsynlega fræðslu, þ.m.t. um þá hættu sem getur stafað af sjúkdómsvaldandi örverum. Yfirmaður eða trúnaðarlæknir skal fara yfir með starfsfólki reglur sem gilda varðandi sjúkdóma sem borist geta í matvæli, sár og niðurgang.

### Heilsufarsyfirlýsing

Heilsufarsyfirlýsingar eru ein leið til að uppfylla kröfur reglugerðarinnar. Með undirritun heilsufarsyfirlýsingar skuldbindur starfsfólk sig til að tilkynna ef grunur leikur á að það hafi sjúkdóma sem borist geta í matvæli. Heilsufarsyfirlýsingu skal geyma á starfstöðinni og vera tiltæk til skoðunar í reglubundnu eftirliti heilbrigðiseftirlits. Dæmi um heilsufarsyfirlýsingu má finna á vef Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur: [https://reykjavik.is/sites/default/files/heilsufarsyfirlýsing\\_her.pdf](https://reykjavik.is/sites/default/files/heilsufarsyfirlýsing_her.pdf).

### Smitandi örverur

Dæmi um örverur sem borist geta í matvæli frá starfsfólki eru *Staphylococcus aureus*, *Campylobacter*, *E. coli*, *Listeria*, *Salmonella* og veirur (t.d. nóróveirur). Einkenni sýkinga af völdum þessara örvera eru oftast uppköst og/eða niðurgangur. Starfsfólk með slík einkenni má alls ekki meðhöndla matvæli þar sem hætta er á að það geti mengað matvælin. Þá er einnig hætta á að smit berist í matvæli ef fólk er með smitandi húðsjúkdóma, sár eða ígerð í sárum.

### Hvenær má hefja vinnu aftur?

Í flestum tilfellum getur fólk mætt til vinnu um leið og það verður einkennalaust. Þó ber að hafa í huga að hafi fólk greinst með, eða grunur er um að hafa t.d. *Salmonella*, *Shigella* eða sjúkdómsvaldandi *E. coli*, að hafa samráð við lækni til að staðfesta að ekki sé lengur hætta á smiti. Ef grunur er um nóróveirusýkingu skal fólk ekki mæta til vinnu fyrr en það hefur verið einkennalaus í 48 tíma.

---

<sup>1</sup> Reglugerðin innleiðir reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 852/2004, með síðari breytingum.